



Til ríkisstjórnar Íslands

Reykjavík, 27. október 2020

Í framhaldi af rannsóknum og greiningu SVP - Samtaka verslunar og þjónustu og VR á stöðu stafrænnar þróunar hjá íslenskum fyrirtækjum og starfsfólki, og fundum SVP með Þórdísi Kolbrúnu Reykfrjörð Gylfadóttur, ráðherra iðnaðar, ferðamála og nýsköpunar og Lilju Dögg Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, vilja SVP og VR koma á framfæri til stjórnvalda hvatningu um stefnumótun og aðgerðir í stafrænum málum, og eftirfarandi tillögum:

- ***Komið verði á samstarfsvettvangi stjórnvalda, sveitarfélaga, atvinnulífs, vinnumarkaðar og háskólasamfélags til að vinna að öflugri stafrænni framþróun í íslensku samfélagi og atvinnulífi,***
- ***Mótuð verði heildstæð stefna í stafrænum málum fyrir íslenskt samfélag og atvinnulíf og farið í markvissar aðgerðir til að stuðla að stafrænni framþróun,***
- ***Sett verði á fót Stafrænt hæfnisetur til eflingar stafrænni hæfni í íslensku atvinnulífi og á vinnumarkaði,***
- ***Skattfrádráttur rannsóknar- og þróunarverkefna verði útvíkkaður til að ná til stafrænna umbreytingaverkefna,***
- ***Áhersla verði lögð á það í menntastefnu og aðgerðum að efla stafræna færni á öllum skólastigum.***

[Vinsamlegast smellið hér til að lesa greinargerð með tillögunum.](#)



Jón Ólafur Halldórsson, formaður SVP



Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR